



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Bæjarráð Garðabæjar
Bæjarskrifstofum
Garðatorgi 7
210 GARÐABÆ

Kópavogur, 12.01.2016
1501012 PG

Varðar: Tillögu stjórnar SSH v. samkomulags sveitarfélaganna um sameiginlega ferðaþjónustu fyrir fatlað fólk frá 19. maí 2014.

Á eigendafundi Strætó bs. hinn 6. mars 2015 var samþykkt að unnið yrði að því á vettvangi SSH og í samráði við framkvæmdaráðgjafi og stjórn Strætó bs. að huga að framtíðar stjórnsýslulegu fyrirkomulagi ferðaþjónustu fyrir fatlað fólk, þegar starfstíma tímabundins framkvæmdaráðs vegna ferðaþjónustunnar rynni út. Umboð framkvæmdaráðsins rann út í lok september 2015.

Síðan þá hefur verið unnið á vettvangi SSH við að fara yfir reynslu liðins starfsárs hinnar sameiginlegu ferðaþjónustu, bæði rekstrar- og stjórnsýslulega. Niðurstaða þeirrar vinnu endurspeglast í meðfylgjandi tillögu sem stjórn SSH samþykkti á fundi sínum hinn 11. janúar að senda aðildarsveitarfélögunum til efnislegrar afgreiðslu.

Óskað er eftir því að tillagan verði tekin til afgreiðslu svo fljótt sem auðið er.

Páll Guðjónsson
framkvæmdastjóri SSH

Meðfylgjandi:

- a) Tillaga framkvæmdastjóra SSH lögð fram á stjórnarfundum SSH 11. janúar 2016
- b) Minnisblað framkvæmdastjóra SSH frá 11. janúar 2016
- c) Lokaskýrsla framkvæmdaráðs ferðaþjónustu fatlaðs fólks frá 13. desember 2015
- d) Umsögn samráðshóps félagsmálastjóra og fundargerð frá 8. janúar 2016